

## Uppbygging glussaslöngu

Margt hefur áhrif á líftíma slöngu. Ytri áhrifavaldar eru t.d. hreyfing, beygjur, snúningur, brot, teygja, mar og aðrar yfirborðsskemmdir. Innri áhrifavaldar er t.d. of mikill eða lítill hiti við notkun eða snöggar breytingar á þrýstingi.

Til að gera sér betur grein fyrir því hvernig glussaslanga er byggð upp er ágætt að kynna sér eftirfarandi mynd;



1. Vörumerking
2. Ytra byrði/kápa
3. Styrking
4. Millilag
5. Innra byrði

Framleiðslumerkingin veitir okkur upplýsingar um framleiðanda slöngunnar, hvorrar gerðar hún er og stærð hennar.

Ytra byrðið ver slönguna gegn utanaðkomandi áhrifum eins og óhreinindum, sólarljósi, tærandi efnum og fleiru. Ytri kápa er líka ráðandi varðandi ytra efnaþol, olíuþol o.s.frv.

Styrkingin er fléttuð eða vafin kápa úr vír- eða efnisþráðum sem hefur áhrif á það hversu mikinn þrýsting slangan þolir.

Millilagið er lag sem liggur milli lagskiptra styrkinga ef um fleiri en eina er að ræða. Þetta lag kemur í veg fyrir að kápurarnar nuddist saman og skemmi hvor aðra.

Innra byrðið er svo það sem vökvinn rennur í gegnum og hefur mest um það að segja hvaða efnaþol slangan hefur.